



Nefndasvið Alþingis  
Allsherjar- og menntamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 24. október 2018

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til að heimila skráningu lögheimilis barna hjá báðum forsjáforeldrum. 25. mál., þingskjal 25.

Virðingarfyllt,  
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,  
framkvæmdastjóri

**Umsögn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til að heimila skráningu lögheimilis barna hjá báðum forsjáforeldrum.**

Barnaheill – Save the Children á Íslandi fengu ofangreint frumvarp til umsagnar og þakka fyrir það tækifæri.

Barnaheill styðja við tillögu þá sem hér kemur fram að gera foreldrum með sameiginlega forsjá kleift að skrá lögheimili barna sinna á báðum heimilum sínum.

Nú til dags eiga langflestir foreldrar sem hafa skilið góð samskipti og samstarf um börn sín og umönnun þeirra. Æ algengara er að börn búi jafnt hjá báðum foreldrum sínum, en óháð því hve marga daga í mánuði barn er á hvoru heimili sínu, þá verður að áréttu að barnið á tvö heimili, og þarf því að njóta réttar síns til bestu mögulegu aðstæðna á báðum heimilum sínum. Það má segja að það skjóti skökku við að kerfið standi gegn góðu samstarfi foreldra með því að takmarka greiðslur og þjónustu vegna barnsins við lögheimili og þar með aðeins til heimilis barnsins hjá öðru foreldrinu en ekki hinu.

Líta þarf á barnið sem einstakling með sjálfstæð réttindi óháð stöðu foreldra. Tryggja þarf barni bestu mögulegu uppeldisaðstæður hver svo sem staða foreldra er, þ.e. hvort þau búi saman eða í sitt hvoru lagi. Það stríðir gegn rétti barnsins ef það nýtur ekki tækifæra til að umgangast báða foreldra jafnt, ef það er metið barni fyrir bestu. Má nefna í þessu sambandi börn með fötlun sem þurfa sérstakan stuðning inn á heimili sín, svo sem hjálpartæki. Við núverandi ástand fær barnið slíkan stuðning og þjónustu aðeins á lögheimili sínu.

Barnaheill styðja við frumvarp þetta og vona að það verði að lögum. Það hlýtur að teljast börnum fyrir bestu að foreldrar þeirra séu jafnsettir við að búa þeim bestu mögulegu uppeldisaðstæður. Allar ákvarðanir sem varða börn ber að taka með það sem þeim er fyrir bestu að leiðarljósi.

Barnaheill hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllu sínu starfi og vinna að bættum réttindum barna og að jöfnum tækifærum barna.